

Nr. 459

29. apríl 2014

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

*Deiliskipulag Ása og Grunda, breyting á svæði neðan Sjávargrundar og útvistarsvæði við Arnarnesvog.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að heimilt verði að reisa 30 raðhús á einni hæð með bílageymslu með aðkomu frá hringtorgi á Vífilsstaðavegi. Stærð húsa yrði á bilinu 130-150 fermetrar. Aðkoma að Sjávargrund breytist og leikskólalóð er felld út. Gert er ráð fyrir hljóðmönnum meðfram Hafnarfjarðarvegi. Fyrirhugaður smágolfvöllur, brennustæði og stígar á útvistarsvæði færast lítillega til.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að mynda heildstæða, þetta húsaþyrpingu og skjólgóð garðrými í nánum tengslum við útvistarsvæði við Arnarnesvog.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 29. apríl 2014.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. maí 2014